



Svífðu litla, létta blað ...



Skóladeild Akureyrar

Frá Póllandi til Akureyrar



pólskar bækur sér til stuðnings. Kacper les líka íslenskar bækur og er núna að lesa um Kaptein Ofurbrók.

Kacper er hrifinn af pizzum en hann borðar líka íslenskan fisk. Af pólskum réttum er uppáhaldið *schabowe* (svínakjöt í eggjum og raspi) og *barszcz czerwony* (rauðrófusúpa).

Kacper Zuromski

Kacper Zuromski er pólskur strákur sem er í 7. bekk í Oddeyrarskóla. Hann flutti með foreldrum sínum til Íslands sumarið 2012. Í Póllandi bjó fjölskyldan rétt fyrir utan bæinn Kwidzyn (<http://en.wikipedia.org/wiki/Kwidzyn>) sem stendur við ána Liwa en þar búa rúmlega 40.000 manns. Kacper fannst gaman í skólanum en hann átti ekki marga vini og segir að pólskir krakkar séu mjög ólíkir íslenskum krökkum, sem hann kann ágætlega við. Kacper umgengst skólafélaga sína þó ekki mikið utan skólatíma en núna eftir áramót er hann byrjaður að æfa handbolta fjórum sinnum í viku.



Skemmtilegast finnst Kacper í myndmennt og stærðfræði og hann álitur að íslenska sé svona miðlungs erfitt tungumál að læra. Honum finnst erfiðast að takast á við lesgreinar en hann notar



Magda með áhugasömum nemendum

Tengsl við móðurmál og menningu

Frá því í lok október hefur Magda Litwiniuk unnið með pólskum börnum á laugardagsmorgnum í Rósenborg. Magda er uppeiddismenntuð frá háskóla í Białystok og leggur áherslu á samvinnu og að læra í gegnum leik og sköpun. Krakkarnir halda við móðurmáli sínu, pólskum, læra svolítið um landafræði Póllands og um pólska menningu og siði.

Á myndinni hér að ofan eru Magda og krakkarnir að vinna í tengslum við Andrewsdeg, sem er 29. nóvember. Þann dag er reynt að spá fyrir um framtíðina og áður var mikil trú á spádómum þessa dags. Þó að svo sé ekki lengur er hefðinni haldið við og ungt fólk reynir að spá fyrir um tilvonandi maka sinn.

Framtíðin er t.d. lesin úr lögun á bráðnu vaxi sem er hellt í kalt vatn - en það eru Magda og nemendur hennar að fást við á myndinni hér að ofan.

Pólskar matarhefðir



Ein þekktasta súpa sem matreidd er á pólskum heimilum er Barszcz czerwony (Barszcz er eiginnafn en czerwony þýðir rauður).

Súpan er einnig vinsæll matur í Úkraínu og Rússlandi. Hún þykir jafnframt ómissandi á jólaborðið og hefur fest sig í sessi sem jólamatur (en hann telur alls 12 rétti, þ.á.m. Barszcz, steiktan vatnakarfa, sveppafylltar soðkökur, marineraða sild og valmúafærskökur) þó svo að hún sé einnig borðuð allt árið um kring. Uppistaðan er soð úr grænmeti og rauðrófum, sem gefa henni þennan sérstaka, djúprauða lit. Til eru önnur afbrigði, sbr. Barszcz biały (biały þýðir hvítur), en þá er aðaluppistaða súpunnar súrkál og hún því sem næst litarlaus samanborið við rauðrófusúpuna.

Súpan er í miklu upphaldi hjá mér og það sama má segja um rauðrófuna – hún er stútfull af steinefnum (m.a. járni) og vítamínum (A og C) og auðveld í matreiðslu; það má borða hana hráa, soðna, steikta eða setja hana í ýmsa rétti. Svo er hún líka svo falleg á litinn! :)

Ég læt svo fylgja með hefðbundna uppskrift af Barszcz – verði ykkur að góðu!

Sellerí	Grænmetið er soðið saman í potti þar til það er orðið mjúkt (grænmetissoð má einnig búa til á fljótari máta, úr teningi).
Gulrætur	Rauðrófurnar eru flysjaðar og skornar í þykkar sneiðar.
Steinselja	Grænmetissoðið er saltað og því næst rauðrófunum bætt út í, ásamt örlitlum sítrónusafa (gerir það að verkum að súpan heldur sterkum lit) og súpan því næst soðin 30 mín í viðbót. Að endingu má bragðbæta súpuna með vínediki, salti, pipar, allrahanda og þurrkuðu marjoram eftir smekk og lárviðar- og hvítlaukslaufunum bætt út í. Sumir kjósa að losa sig við rauðrófusneiðarnar en aðrir láta það vera og borða þær með súpunni :)
Blaðlaukur	
Laukur	
2 lárviðarlauf	
Allrahanda	
Pipar	
Salt	
Þurrkað marjoram	
2 rauðrófur	
2 hvítlaukslauf	
Sítrónusafi	
Vínedik	Eva María Ingvadóttir

Héðan og þaðan

Í Póllandi er haldið upp á ýmsa hátíðisdaga sem við þekkjum ekki hér. Af slíkum dögum má nefna ömmudag, 21. janúar og afadag, 22. janúar. Dagur pólska fánans er 2. maí og stjórnarskrárdagurinn er 3. maí.

Dagur allra heilagra er kaþólsk hátíð þann 2. nóvember og þá má ekki gleyma öðrum kaþólskum sið en það eru nafnadagar. Nöfnum dýrlinga hefur verið raðað niður á alla daga ársins - nafnadagur Evu og Adams er t.d. 24 desember. Þeir sem bera nafn dýrlings fá sérstakar hamingjuóskir og litlar gjafir á nafnadaginn sinn. Hægt er að skoða nafnadagana hér: <http://www.masterpage.com.pl/imieniny.html>

Barnamenning



Bræðurnir Bolek og Lolek eru flestum pólskum börnum kunnir en þau hafa fylgst með ævintýrum þeirra allt frá árinu 1963.

Persónur bræðranna eru byggðar á sonum höfundarins, Władysław Nehrebecki en þeir hétu Jan og Roman. Teiknimyndir um ævintýri þeirra hafa verið sýndar víða um heim og voru meðal þess sjónvarpsefnis sem leyft var til sýninga fyrir börn í Íran eftir byltinguna þar 1979.

Á 8. áratug síðustu aldar komu fram ábendingar um að nauðsynlegt væri að stúlkur tækju þátt í ævintýrum bræðranna og þá var persónan Tola skrifuð inn í eina 30 þætti.



Bækur, litabækur, peysur og alls kyns dót hefur verið framleitt með myndum af Bolek og Lolek og árið 2011 var þeim reist stytta í Bielsko-Biala.

Á síðasta ári urðu Bolek og Lolek 50 ára og í tilefni þess var efnt til myndlistakeppni barna á aldrinum 5—15 ára en yfirskrift keppinnar var *Bolek og Lolek ætíð ungir*. Alls bárust um 3200 myndir í keppnina frá ýmsum löndum auk Póllands, t.d. frá Japan, Dubai, Kanada, Finnlandi, Bandaríkjunum og víðar. Félag Pólverja á Akureyri sá um að senda myndir frá Íslandi. Meðal þeirra 10 sem fengu sérstaka viðurkenningu fyrir mynd sína var Maciej Mazul sem er að verða 10 ára og er nemandi í Oddeyrarskóla. Hann flutti til Akureyrar með foreldrum sínum árið 2006 frá Gdansk í Póllandi. Hann teiknaði þá bræður á skíðum í Hlíðarfjalli.



Maciej og myndin hans Bolek og Lolek á skíðum á Akureyri.



Flestar myndanna um Lolek og Bolek eru án texta og allir geta notið þeirra. Hér eru slóðir á nokkrar stuttar myndir sem má sækja á You Tube en þar er fjöldi af stuttmyndum um þá bræður:

<http://www.youtube.com/watch?v=-CUA0Sr6JLU> Bolek og Lolek — Í sumarfríi (8:52)

<http://www.youtube.com/watch?v=qwKeoS-Uqj4> Bolek og Lolek — Í hlíðum Kilimanjaro

<http://www.youtube.com/watch?v=lvSdqx2AiV4> Bolek og Lolek — Fuglahúsið (9:00)

Komin í framhaldsskóla ...



Sandra Wanda Walankiewicz

Sandra flutti til Akureyrar með móður sinni og yngri systur þegar hún var 11 ára. Þá hafði pabbi hennar verið hér í þrjú ár. Hún segir að það hafi auðvitað verið

svolítið erfitt að flytja til Íslands og hún hafi sérstaklega kviðið fyrir skólanum en “við vildum fá betra líf og það er alltaf skemmtilegt að læra eitthvað nýtt”. Sandra segir að hún hafi fengið sérstaka aðstoð í íslensku fyrstu tvö til þrjú árin og að fyrst hafi það verið bestu tímarnir. Hún segist hafa verið dugleg að æfa sig í íslensku en að það hafi verið erfitt að lesa námsgreinarnar. “Ég þurfti að lesa og spyrja ... reyndi að lesa orðin yfir ... hef ég séð þau áður, eða lík orð”? Hún segist hafa spurt kennara og bekkjarfélaga og í fyrria notaði hún líka orðalista sem eru á netinu, t.d. í náttúrufræði og fannst það mjög gott.

Sandra segir að sér hafi gengið nokkuð vel að byrja að lesa en það hafi verið erfiðara að tala og skrifa og hún hafi verið í vandræðum með lík hljóð, t.d. þ og ð.

Hún leggur áherslu á félagslega þáttinn í íslenskunáminu og þegar ég spyr hana að því hvað það sé sem við getum gert betur í skólunum nefnir hún að kennarar þyrftu oft að reyna

að hjálpa erlendu krökkunum meira að eignast vini. Íslenskunámið varð auðveldara þegar hún eignaðist vinkonu sem hún sat hjá og gat rætt við og spurt um námsefnið.

Sandra segist oftast hugsa á pólsku en nú tala þær systur oft saman á íslensku, sérstaklega um það sem snýr að skólanum. Hún segist líka stundum blanda saman pólsku og íslensku og nota þau orð sem koma fyrr upp í hugann.

Í haust byrjaði Sandra á listnámsbraut í VMA og segir að sér líði vel í nýju umhverfi. Hún segist ekki hafa kviðið náminu vegna íslenskunnar — helst hafi hún kviðið því að mæta mörgum og ókunnum bekkjarfélögum en það hafi verið ástæðulaust.

Hún segir að kennararnir á listnámsbrautinni séu frábærir og alltaf tilbúnir til að hjálpa og styðja — í rauninni séu allir á listnámsbraut eins og ein stór fjölskylda.

Sandra hefur líka mikinn áhuga á fögum eins og félagsfræði og sálfræði en í vetur er hún í íslensku, ensku og stærðfræði. Hún segir að það gangi vel og hún sé dugleg að nýta sér ýmsar leiðir til hjálpar, t.d. www.ordabok.is í ensku og www.snara.is fyrir íslensku. Svo er hún líka með pólska raforðabók.

Sandra segist vel geta hugsað sér að halda áfram að læra og fara í háskóla, annaðhvort á Íslandi eða í Póllandi. Hún sér fyrir sér að líklega muni hún þó frekar búa á Íslandi í framtíðinni.

Ég þakka Söndru fyrir spjallið og óska þessari duglegu stelpu alls góðs í framtíðinni.

Hvíti hluti pólska fánans táknar örninn sem er í skjaldarmerki landsins en sá rauði táknar sjálfan skjöldinn. Annars er hvíti liturinn sagður tákna silfur, vatn og hreinleika en rauði liturinn kjark og hugrekki (stundum líka eld).



Með bestu kveðjum!
Helga